



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á afmælishátíð Blindrafélagsins
21. ágúst 1999

Heiðruðu hátíðargestir

Þegar Blindrafélagið fagnar merkur tímamótum gleðst þjóðin og þakkar. Gleðst yfir hinum glæsilega árangri sem starf ykkar hefur skilað og þakkar fyrir farsæla samfylgd sem fært hefur þjóðinni dýrmæta lærdóma, kennt henni að meta hin sönnu verðmæti, öðlast nýja sýn á tilgang lífsins, hvað þroskar og eflir þá eiginleika sem nýtast okkur best á erfiðum stundum.

Já, blindir hafa veitt þjóðinni sýn, innsýn og sjálfsskilning, veganesti sem skerpt hefur vitund okkar um þá eðalkosti sem skapa Íslendingum sérstöðu í samfélagi þjóðanna, samkenndina sem gert hefur lítilli þjóð kleift að sjá kraftaverkin verða að veruleika.

Árangur Blindrafélagsins, starf þess og barátta eru af ætt þessara kraftaverka í íslensku samfélagi. Með bjartsýni voru brautir ruddar, nýjar leiðir opnaðar þar sem áður voru lokuð sund og blindum sköpuð aðstaða til atvinnu og heimilishalds, lífsgleði og tómsunda, menntunar, listsköpunar og þroska. Blindir voru leiddir úr öngstrætum vonleysis og uppgjafar út á breiða velli þjóðfélagsins alls, til áhrifa og ábyrgðar, fjölþættrar þátttöku í framleiðslu og framförum.

Um leið hafa blindir smátt og smátt alið þjóðina upp og fest í sessi þá eiginleika sem hún hefur lært að meta mest, dugnaðinn, áræðnina, kjarkinn, samkennd og samhjálp, samfylgd hönd í hönd um nýjar slóðir, fögnuðinn þegar við saman náum heil í höfn.

Blindrafélagið hefur ekki aðeins verið félögum sínum sverð og skjöldur, vettvangur baráttu fyrir bættum skilyrðum, jöfnum rétti og tækifærum til náms og starfa. Blindrafélagið hefur smátt og smátt ofið sterkan streng í lífshörpu Íslendinga, streng sem hljómar tært og alla hrífur.

Þess vegna gleðst þjóðin og þakkar á þessum degi og fyrir hönd hennar færi ég ykkur óskir um farsæld og árangur, hamingjukveðjur sem bundnar eru traustum böndum í samfylgd ykkar og íslenskrar þjóðar.

Blindrafélagið hefur verið Íslendingum í senn fyrirmynd og fordæmi, spegilvarp þeirrar ásýndar sem er og verður okkur öllum einkar kær.

Megi starf ykkar og árangur verða þjóðinni um alla framtíð uppspretta lærdóms og hvatninga.

Það er svo sannarlega tilefni til fagnaðar á þessum merku tímamótum.

Til hamingju.